



DIVERS-CULT

Efling margbreytleika í grunnskóla

IO1 – Hæfniramma

A2 – Skilgreining hæfniramma



UNIVERSITY OF ICELAND
SCHOOL OF EDUCATION

February 2022



DIVERS-CULT HÆFNIRAMMI

Tafla 2. Divers-Cult hæfniramma



DIVERS-CULT HÆFNIRAMMI			HÆFNIVIÐMIÐ		
VÍDDIR	STIG EQF 1-2-3	LÝSING	ÞEKING	LEIKNI	HÆFNI
PERSÓNULEG VÍDD	1	Nemendur læra ábyrgð og skilning. Þróa færni í samskiptum við fólk frá mismunandi menningarheimum.	Nemendur þekkja og skilja fjölbreytta menningu, hefðir og gildi og samspil þeirra, svo og áhrif þeirra á hegðun, hugsanir og líðan allra.	Nemendur búa yfir grunnfærni til að eiga samskipti við fólk frá ólíkum menningarheimum.	Nemendur taka þátt í ýmsum verkefnum sem fela í sér samskipti við nemendur af ólíkum uppruna.
	2	Nemendur læra að meta fjölbreytileika og virða grundvallaratriði mismunandi menningarlegra gilda. Þeir skilja og styðja aðra menningu.	Nemendur kunna að meta fjölbreytileika og kunna að virða ólík menningarleg gildi.	Nemendur hafa miðlungs samskiptahæfni og geta unnið af virðingu með fjölbreyttum nemendahópum.	Nemendur taka þátt og vinna af virðingu með fjölbreyttum nemendahópum.
	3	Nemendur þróa með sér jákvætt viðhorf án mismununar til annarra nemenda, læra að sýna samstöðu og tengjast öðrum án fordóma.	Nemendur skilja hugtökin ójöfnuður, hlutdrægni og fordóma, sýna ábyrgð, samkennd og skilning.	Nemendur hafa vel þróaða samskiptahæfileika, þeir vita hvernig á að taka á ójöfnuði á gagnrýninn hátt, sýna samkennd, traust og skilja gildi samvinnu.	Nemendur vinna á árangursríkan hátt saman í teyllum, af virðingu og samkennd, vinna verkefni saman, kunna að takast á við ýmsar áskoranir.
SKÓLAVÍDD	1	Skólar viðurkenna jákvætt gildi uppbyggilegra samskipta nemenda með ólíkan menningarbakgrunn.	Skólar hafa þekkingu á því hvernig stuðla megi að árangursríkri stjórnun menningar-, tungumála- og trúarlegrar fjölbreytni í allri kennslu og samvinnu.	Skólar stuðla að grunnfærni varðandi skilning, samkennd, samvinnu og þakklæti fyrir fjölbreytileika í öllu starfi sínu.	Skólar geta stundað ýmsa starfsemi sem snýr að mismunandi hliðum fjölbreytileika.



	2	Skólar hvetja til og efla þvermenningarlega upplifun, efla tengsla- og samræðuhæfni. Skólar skapa inngildandi og vinalegt andrúmsloft þar sem allir eru þátttakendur.	Skólar hafa þekkingu á þvermenningarlegri reynslu og aðferðum sem miða að því að bæta sjálfsvitund allra, sem gerir það mögulegt að viðurkenna fordóma og menningarlega hlutdrægni.	Skólar stuðla að námi nemenda og kennara og iðka samvinnu við fólk með ólíkan menningarbakgrunn ásamt því að finna bestu leiðirnar til að takast á við áskoranir. Skólar efla skilning á fjölbreytileika, hvetja til víðsýni og tækifæra til samtals milli ólíkra menningarheima.	Skólar eru færir um að efla skilning á fjölbreytileika meðal starfsmanna sinna, hvetja til víðsýni og skapa tækifæri til samræðna milli ólíkra menningarheima
	3	Skólamenning er valdeflandi fyrir alla nemendur, hún stuðlar að skilningi og virðingu fyrir ýmsum hliðum fjölbreytileikans og hvernig þær skarast.	Skólar beita gagnrýninni nálgun gagnvart ójöfnuði, fordómum og hlutdrægni og leitast við að bregðast við og vinna gegn slíku. Allir kennarar bera ábyrgð á að innleiða þessa þekkingu í kennslu sinni.	Skólar stuðla að gagnrýninni nálgun á ójöfnuð og fordóma fyrir kennara og nemendur sem og valdeflandi, jákvæðum, opnum og gagnvirkum skólabrag innan og utan skólans.	Skólar eru færir um að virkja allt starfsfólk og nemendur til að bregðast við ójöfnuði á gagnrýninn hátt og efla samkennd, virðingu og gagnrýna hugsun allra nemenda og starfsfólks.
KERFISVÍDD (MENNTA- KERFI OG SAMFÉLAG)	1	Skólar hvetja til jákvæðs andrúmslofts í samskiptum, bæði í kennslustofum og utan skólastofnana. Slík samskipti eru til þess fallin að styrkja menningarlega sjálfsmynd hvers og eins, með hliðsjón af gagnkvæmum breytingum og valdeflingu.	Skólar hafa færni til að stuðla að samræðum, skilningi og samvinnu fólks með ólíkan menningarbakgrunn.	Skólar og nærsamfélög þróa og efla grunnfærni í samskiptum á milli fólks með fjölbreyttan menningarbakgrunn á sama tíma og fjölbreytt gildi og menning eru virt.	Skólinn, sem hluti af menntakerfi sveitarfélaga og ríkis, stuðlar að og hlúir að ólíkri starfsemi sem felur í sér þvermenningarleg tengsl.



	2	Skólar eiga samskipti við fjölskyldur og nærsamfélög til þess að þróa valdeflandi og inngildandi námssamfélög fyrir alla nemendur.	Skólar, fjölskyldur og nærsamfélög hafa þekkingu á ólíkum þáttum fjölbreytileika og tengingum þeirra á milli.	Skólar, fjölskyldur og nærsamfélög stuðla að inngilding og virkri þátttöku allra samstarfsaðila, þar sem fjölbreytileiki er virtur.	Skólar eru færir um að eiga samskipti við nemendur, foreldra og nærsamfélög á virðingarfullan og skilningsríkan hátt.
	3	Samvinna skóla, fjölskyldna og nærsamfélaga valdeflir alla samstarfsaðila, eflir skilning á ýmsum hliðum og skörun fjölbreytileikans og gagnkvæmri virðingu allra.	Þekking um ólíka og innbyrðis tengda þætti fjölbreytileika er grundvallaratriði innan hvers sveitarfélags. Allir skólar í samvinnu við foreldra og nærsamfélög bera ábyrgð á að innleiða þessa þekkingu.	Skólar, fjölskyldur og nærsamfélög vinna saman að því að efla skilning á fjölbreytileika, virðingu, gagnrýnni hugsun og samkennd.	Stuðlað er að samkennd, virðingu og gagnrýnni hugsun fyrir alla nemendur, foreldra, starfsfólk, sveitarfélög.

